

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um leikmannastefnu.

„STARFSREGLUR um leikmannastefnu.

1. gr.

Biskup Íslands boðar til leikmannastefnu í samráði við forseta kirkjuþings. Það ár, sem boðað er til leikmannastefnu skal hún að jafnaði haldin í marsmánuði.

2. gr.

Tilgangur leikmannastefnu er að efla þátttöku óvígðra manna í starfi kirkjunnar og efla kynni þeirra sín á milli.

Leikmannastefna fjallar um málefni leikmanna, safnaða, hlutverk og störf sóknarnefnda, svo og um önnur mál er lúta að þjónustu kirkjunnar við söfnuði landsins og kristileg félagasamtök.

Leikmannastefna skal vera vettvangur almennra skoðanaskipta milli fulltrúa á stefnunni, milli kirkjuþings- og kirkjuráðsmanna annars vegar og annarra fulltrúa hins vegar, svo og fyrir kirkjuþingsmenn úr röðum leikmanna.

3. gr.

Fullgildir fulltrúar á leikmannastefnu eru eftirtaldir:

1. Biskup Íslands eða fulltrúi hans.
2. Forseti kirkjuþings eða fulltrúi hans.
3. Tveir fulltrúar fyrir hvert prófastsdæmi, sem kjörnir eru á héraðsfundum til fjögurra ára í senn.
4. Einn fulltrúi frá hverjum samtökum/félögum, sem starfa á landsvísu innan þjóðkirkjunnar og viðurkennd hafa verið af leikmannaráði til þátttöku í leikmannastefnu.
5. Leikmenn á kirkjuþingi.
6. Leikmenn í kirkjuráði.
7. Aðrir þeir sem biskup tilnefnir hverju sinni.

4. gr.

Fulltrúar leikmannastefnu kjósa leikmannaráð úr hópi leikmanna. Leikmannaráð er skipað þremur mönnum og jafnmörgum til vara og skulu þeir skipta með sér verkum. Leikmannaráð sér um undirbúning og framkvæmd leikmannastefnu í samráði við biskup Íslands og forseta kirkjuþings og er í fyrirsvari fyrir leikmannastefnu milli stefna.

5. gr.

Leikmannastefna setur á grundvelli þessara starfsreglna, samþykktir um viðfangsefni, stjórn, skipulag og fjármál leikmannastefnu og leikmannaráðs svo og þingsköp stefnunnar.

6. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru skv. heimild í 58. og 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar árið 2000.

Ákvæði til bráðabirgða.

Leikmannastefna skal haldin næst árið 2001. Kosið skal til leikmannaráðs á þeirri leikmannastefnu sem fyrst verður haldin eftir kjör til kirkjuþings árið 2002 og heldur núverandi leikmannaráð umboði sínu til þess tíma. Sama gildir um kjörna endurskoðendur.

Gjört í Reykjavík, 15. nóvember 1999.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Gunnar Sveinsson
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 15. nóvember 1999.

F. h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.

AUGLÝSING**um starfsreglur kirkjuþings um organista.**

„STARFSREGLUR
um organista.

Skilgreiningar.

1. gr.

Organisti nefnist hver sá sem leikur á orgel og stýrir söng í kirkju. Kirkjuorganisti nefnist hver sá sem lokið hefur námi sem viðurkennt er af Tónskóla Þjóðkirkjunnar og gegnir starfi organista hjá söfnuði sbr. 6. gr. og er óheimilt að nota það starfsheiti um aðra. Ákvæði starfsreglna þessara gilda jafnt um organista og kirkjuorganista.

Verksvið organista.

2. gr.

Verksvið organista skal vera sem hér segir:

1. Að leiða söng safnaðarins í helgihaldinu.
 2. Leika á hljóðfæri við guðsþjónustur og aðrar athafnir.
 3. Sjá um forsöng, hljóðfæraleik og kórstjórn við kirkjulegar athafnir sé eftir því leitað af sóknarbörnum.
 4. Sjá um þjálfun kirkjukórs og annarra kóra við kirkjuna í samráði við sóknarprest og sóknarnefnd.
 5. Veita leiðsögn og fræðslu, til dæmis fermingarbörnum, um tónlist í helgihaldi í samráði við sóknarprest.
 6. Önnur verkefni á sviði tónlistar sem áskilin eru af sóknarnefnd.
- Verksvið organista skal nánar skilgreint í erindisbréfi, sem sóknarnefnd setur organista, sbr. 7. gr.